



HAFNARFJÖRÐUR

19 fundur Öldungaráðs haldinn í Hraunseli 3,

16. mars 2022 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir form, Gylfi Ingvarsson, Þórdís B. Kristinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Magnús Pálsson Sigurðsson og Elísabet Valgeirsdóttir

Ritari: Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Fjarverandi: Guðlaug Steinsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

2. Yfirlit yfir ráðstefnu Öldungaráðs Hafnarfjarðar og Félags eldri borgara í Hafnarfirði

Ráðstefnan var haldinn þann 10. mars 2022 í Hraunseli. Dagskráin var eftirfarandi:

- Ráðstefnan sett, Valgerður Sigurðardóttir formaður FEBH.
- Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar flytur erindi um skipulags-og byggingarmál.
- Þórdís B. Kristinsdóttir stjórnarmaður FEBH flytur erindi um sem að hún nefnir : Að geta notið bestu lífsgæða miðað við aldur og fyrri störf.
- Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri Fjölskyldu-og barnamálasviðs flytur erindi um þjónustu við eldra fólk í bænum.
- Fundargerð ritaði Þorsteinn Steinsson, stjórnarmaður FEBH.

Öldungaráð þakkar frummælendum einstaklega góð erindi og fundargerðina má nálgast á heimasíðu FEBH, www.febh.is

3. Ályktun frá ráðstefnu Öldungaráðs Hafnarfjarðar og Félags eldri borgara í Hafnarfirði.



HAFNARFJÖRÐUR

- Ráðstefna á vegum Öldungaráðs Hafnarfjarðar og Félags eldri borgara haldin 10. mars 2022 ályktar eftirfarandi: “Við vinnu og undirbúning skipulags og byggingamála hjá Hafnarfjarðarbæ verði teknir inn fjölbreyttari möguleikar til búsetu fyrir eldra fólk”
- Á fundinum var rætt um hve mikilvægt sé að húsnæði fyrir eldri borgara þurfi að taka mið að kaup og leigu á viðráðanlegum kjörum.

4. Umsögn um reglur Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu

- Öldungaráð veitir nýjum reglum jákvæða umsögn og fagnar C lið í 3. grein reglana, þar sem stendur: *Einstaklingsstuðningur sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku.*
- Þórdís telur að vanta þurfi aukna þjónustu og upplýsinga til þeirra sem eldri eru en 67 ára og hafi ekki nýtt sér þjónustu sem í boði er.
- Herdís greindi frá því að hún, sem félagsráðgjafi og ráðgjafi í málefnum eldri borgara muni vera með viðveru og einstaklingsráðgjöf í Hraunseli á tveggja vikna fresti. Í vikunni á móti mun Erna Aradóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í Stuðnings- og stoðþjónustudeild Hafnarfjarðar vera með viðveru og einstaklingsráðgjöf. Dagsetningar verða auglýstar á heimasíður FEBH.

5. Önnur mál

- Þórdís lagði til að Öldrunarmiðstöðin við Sólvang komi til með að heita Heilsumiðstöð eldra fólks í Hafnarfirði.
- Rætt var um mikilvægi þess að ná til eldri borgara sem búa einir í heima húsi og glíma við einmannaleika og að hugað verði að öryggi þeirra.

18 fundur Öldungaráðs haldinn í Hraunseli 3,

15. febrúar 2022 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir form, Gylfi Ingvarsson, Þórdís B. Kristinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Magnús Pálsson Sigurðsson, Guðlaug Steinsdóttir og Elísabet Valgeirsdóttir

Ritari: Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Fjarverandi: .

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

2. Yfirlit á málum sem farið hafa fyrir Öldungaráð

Lagt fram yfirlit á málum sem farið hafa fyrir Öldungaráð 2018-2022. Góð umræða varð um stöðu málanna sem Öldungaráð hefur lagt fram og rætt um árangurinn.

- Hrafnista kynnti í byrjun árs 2019 framtak í uppbyggingarmálum í Hafnarfirði og ákveðið að spyrjast fyrir um stöðu þeirra mála.
- Frístundastyrkur, afsláttur af fasteignagjöldum til eldra fólks er til mikils sóma í Hafnarfirði.
- Akstursþjónusta er góð en hana þarf að auglýsa betur.
- Heimasíða Hafnarfjarðarbæjar þarf að vera einfaldari og skýrari fyrir eldra fólk.
- Elísabet lagði fram minnisþunkta um húsnæðismál. Húsnæðismálin eru áhyggjuefni og er ráðstefnan liður í að vekja athygli á því ásamt aðgengi að heilsugæslu og hjúkrunarheimili.
- Öldungaráð hefur fjallað um stuðningsþjónustu á heimilum í Hafnarfirði og samskipti ríkis og sveitarfélaga. Bent er á þá þætti sem betur mega fara.
- Öldungaráð farið yfir stefnumótun þar sem lögð er áhersla á alla framtíðarmöguleika í lífi, leik og starfi eldra fólks í Hafnarfirði.
- Öldungaráð nýtur virðingar í stjórnkerfinu sem er málafloknum mikils virði.



3. Brúkum bekkji

Gylfi lagði fram yfirlit yfir starfsemi verkefnisins frá 2012 og frá ferð í kringum Ástjörn sem farin var til að finna bekkjum staðsetningu. Verkefnið hefur alla tíð verið til fyrirmyndar og er svo komið að Kristinn Magnússon sjúkraþjálfari vill leggja verkefninu lið með gjöf 10 bekkja.

4. Sameiginlegur fundur með Félagi eldri borgara

Sameiginlegur fundur með stjórn Félags eldri borgara var haldinn 24. febrúar 2022. Fundurinn var haldinn til undirbúnings ráðstefnu sem haldin verður 10. mars nk. um búsetumöguleika eldra fólks í Hafnarfirði og þjónustu við aldurshópinn.

Frummælendur verða Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi, Þórdís B. Kristinsdóttir stjórnarmaður FEBH og Rannveig Einarsdóttir sviðstjóri Fjölskyldu- og barnamálasviðs.

5. Önnur mál.

Gylfi leggur fram yfirlit um skattþrósentu á einstaklinga og áhrif hennar á ellilífeyrir. Ákveðið af fara betur yfir þau mál síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00